

## Stjórnarfundur ÍTF 3. desember 2024

Mættir fulltrúar: Orri, Jón Rúnar, Guðbjörg, Baldur og Samúel og Styrmir á Teams.  
Fjarrverandi: Heimir

Ritari: Birgir framkvæmdastjóri ÍTF.

Fundur settur kl 12:30

### Fyrir var tekið:

#### 1. Samstöðubætur UEFA

- Birgir fór yfir nýjustu fréttir af komandi samstöðubótum UEFA sem greiddar verða í febrúar (70%) og júlí(30%) til félaga sem tóku þátt í Bestu deildinni 2024. Eins og fram hefur komið hafa þessar greiðslur hækkað verulega frá síðasta hring (e.cycle) en þá fengu félögin í efstu deild greiddar 1.037.000€. Upphæðin sem verður greiddur út á næsta ári stendur í dag 2.718.000€ sem 11 félög í efstu deild karla skipta á milli sín. Það gerir rúmlega 36. M.kr á hvert félag. Þessi upphæð getur hækkað ef Víkingar halda áfram góðu gengi í Sambandsdeildinni. Félögin í efstu deild munu á næstu dögum ræða það sín á milli hvort það sé vilji til að greiða hluta niður í Lengjudeild karla. Félögin í efstu deild er heimilt að greiða allt að 15% niður í Lengjudeild að uppfylltum ákveðnum atriðum sem UEFA setur. Birgi er falið að senda út póst á félögin í Bestu deild karla 2024 og óska eftir afstöðu þeirra. Birgir fór yfir hvað aðrar deildir í Evrópu hafa verið að gera en margar deildir hafa ekki tekið loka ákvörðun.

#### 2. Fréttir af KSÍ

- Birgir fór yfir sameiginlegan fund ÍTF, KSÍ og FIFA sem haldin var í húsakynnum KSÍ á dögnum. Góð mæting var á fundinn og var hann afar áhugaverður. Goal unit lokaði fundinum með áhugaverðum samamburði á milli deilda og landa.
- KSÍ hélt hinn árlega fund formanna og framkvæmdastjóra laugardaginn 30.nóvember síðastliðinn. Farið var yfir mótamál 2025, stefnumótun KSÍ og kynningu á VAR light. European Leagues tóku saman VAR gögn á dögnum fyrir grísku úrvalsdeildina, Birgir fór yfir þá samantekt og umræðurnar á fundinum.
- Orri fór yfir stöðuna á framkvæmdinni á Laugardalsvelli og aðrar fréttir af KSÍ.
- Birgir mun funda með Þorvaldi og Eysteini í vikunni til að ganga frá uppgjörsmálum vegna verðlaunaafhenginga og fleira. Birgir mun upplýsa stjórn þegar uppgjóri er lokið.

#### 3. Samningamál ÍTF

- Birgir fór yfir þá samninga sem ÍTF og aðildarfélögin eru með laus um áramótin. Félögin hafa verið með samning við Spiideo og er mikil ánægja með það samstarf. Birgir mun kanna hug félaga varðandi framhald en ÍTF hefur samið við Spiideo fyrir Lengjudeild karla næstu tvö tímabil.



- b. Hudl/Wyscout er með lausan samning og mun Birgir funda með þeim í vikunni til að ræða komandi tímabil. Munar þar mest um hvað Hudl mun rukka félögin fyrir skýrslur og aðgang að þeirra leikmannagrunni. Miklar umræður eiga sér stað innan European Leagues um þá einokunarstöðu sem er komin upp á þessum „scouting“ markaði. Hudl keypti nýverið enn einn samkeppnisaðilann „StatsBomb“. Áskriftarverðin hafa verið að hækka á hverju ári og eru deildirnar að ræða sín á milli hvað sé til ráða. Birgir mun upplýsa félögin og stjórnina um framvinduna.
- c. Birgir upplýsti stjórn um samtöl á milli ÍTF og Genius Sports en virkt samtal er gangi varðandi framhaldið. Samningur ÍTF við Genius Sport rennur út eftir keppnistímabilið 2026.
- d. Birgir upplýsti stjórn um fund ÍTF og OZ varðandi Lengjudeildina 2025 og 2026. OZ munu sjá um framleiðsluna á að minnsta kosti 4 leikvöllum í Lengjudeild karla þessi tvö keppnistímabil.

#### 4. Önnur mál

- a. Birgir og Björn hafa verið að funda með þó nokkrum fyrirtækjum sem hafa lýst yfir áhuga á því að fá kynningu á samstarfssamningi vegna Bestu deildar. Í árslok rennur út samningur okkar við Nóa Siríus og hafa þau tilkynnt okkur að þau munu ekki endursemjá. Við þökkum þeim kærlega fyrir frábært samstarf en Nói var eitt það fyrsta sem stökk á vagninn á sínum tíma, fyrir það verðum við alltaf þakklát.
- b. Aðalfundur ÍTF er fyrirhugaður 12. eða 13. febrúar 2025. Birgi falið að finna hentugan fundarstað og senda út fundarboð á aðildarfélög ÍTF eins og lög og samþykktir gera ráð fyrir. Samkvæmt samþykktum ÍTF eru 4 stjórnarmeðlimir í kjöri en það eru Orri Hlöðversson, Jón Rúnar Halldórsson, Guðbjörg Fanndal Torfadóttir og Heimir Gunnlaugsson.
- c. Ársþing KSÍ verður haldið þann 22.febrúar 2025.
- d. Mótamál 2025. Birgir upplýsti stjórn um umræður við KSÍ og SÝN varðandi komandi keppnistímabil. Fundað er reglulega þessa dagana með öllum aðilum og stefnt er að því að hafa mótið með mjög svipuðu sniði og á síðasta keppnistímabili í Bestu deild karla. Í ár mun íslenska kvennalandsliðið taka þátt á Evrópumóti UEFA og mun það hafa veruleg áhrif á Bestu deild kvenna en hlé verður gert á mótinu á meðan riðlakeppnin stendur yfir.
- e. Þórir Hákonarson tók á dögnum við nýju starfi hjá skrifstofu Fjallabyggðar. Stjórn ÍTF vill nýta tækifærið og þakka Þóri kærlega fyrir hans störf og óskar honum velfarnaðar á nýjum vettfangi.

#### 5. Ekki fleira rætt og fundi slitið 14:00